

En svo kemur sunnudagsskólinn með sitt *skyldunám*, bíllusögurnar, og segir: „Heimurinn var skapaður á 6 dögum með öllu því sem í honum er, fuglum löstsins, fiskum sjávarins og öllu sem fer um vatnsins veg“. Er sú kensla sönn, er hún börnum um holl, er hún ærleg gagnvart þeim ungu, sem enn þekkja lítið til og byrja sem óvitar, að fá fræðlu sína hjá þeim eldri, er hafa reynsluna fyrir sér, í því sem þeir hafa lært? Eiga fyrstu orðin sem kyrkjan og trúin rita á bók óvitans að vera fölsk lýginnar orð, sem á vitorði hinna eldri verða stimpluð þannig af lærðum sem ólærðum á komandi árum? Eða eiga þeir, sem kenna, að miðla af sínu bezta, sem þeir eiga til, þeim smáa og fáfróða, sem alt á eftir ólært, og alt lífð ólifað? Á að byrja á lífsins mikla sorgarleik strax á sunnudagsskólabekknum, að engu megi trúa, sem kent er, engu treysta, sem sagt er, sá sæði tortrygðar og undirhyggju strax í vonglaða hugann unga jafnframt trúnni á hið góða, og gera þannig ilt og gott, sannleik og lýgi að óaðskiljanlegri heild í sálu barnsins?

En svo tekur ekki hér staðar. Sleppum því að barninu sé þetta kent, og aftur í ríkisskólunum alt annað, því þá kemur jarðfræðin til sögunnar. En hvaða þýðing og gildi hefir þessi frásaga fyrir þá eldri, hvaða trúarefling er í henni fólgin? Fyrir þann sem ber það á meðvitundinni, að hún sé ósönn, verður hún naumast til þess að styrkja skoðun hans á sannleiksgildi annara og miklu merk íri atriða, er dogmukerfið knýtir við hana, en fyrir þann sem heldur hún sé sönn—en það er alls enginn—hefir hún enga meiri þýðingu en hver önnur frásaga um uppruna jarðarinnar, því trúarstyrk sinn, fær hann úr annari átt. Hún er trú og kyrkju alsendis ónýt til allra hluta, þótt hún fengi staðist, nema sem vernd til að viðhalda þeim hluta G. T., sem óskeikulum sannleika. Og það væri nóg, ef það væri eini vefengjanlegi staður ritningaránnar. En nú er búið að leggja helzt alla ritninguna undir rannsóknargler fræðimanna og það virðist helzt sem hún sé í öllum sögulegum frásögnum eitt stórt ranghermi og einn stór misskilningur.

Það þykir undarlega að orði komist hjá spámanninum frá Nazareth, er hann sagði að ef fókinu væri boðið að þegja,